

Mál nr. 175/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B (hópbifreið)

Árekstur Suðurgötu þann 20.07. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 27.09. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinndar, dags. 22.09. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið suður Suðurgötu við hægri brún akbrautar áleiðis í ytri hring Melatorgs, B var ekið við vinstri brún akbrautarinnar áleiðis í innri hring hringtorgsins. Engar yfirborðsmerkingar né umferðarskilti eru á akbrautinni sem gefa til kynna um hvort ein eða tvær akreinar eru á nefndum stað. Ökumaður A kvaðst ekki hafa vitað fyrr en árekstur varð þegar B var ekið í "krappa hægri beygju áleiðis inn í hringtorgið..." Ökumaður B kvaðst ekki hafa átt von á bifreið við hlið B þar sem hann telur að um eina akrein sé að ræða.

Vátryggingafélag A tekur undir sjónarmið M sem fram koma í málskotinu.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum. Engar yfirborðsmerkingar séu á vettvangi. Gatan sé "of lítil til að bera tvær bifreiðar hlið við hlið þegar önnur þeirra er af stærri gerðinni hvort sem er strætisvagn eða vörubifreið. Fólksbifreiðar troði sér gjarnan hlið við hlið þarna".

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A sem ók hægra megin frammeð B.

Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar aðgæslu. Telja verður að á vettvangi séu tvær akreinar. Breytir ekki framanrituðu þó ekki séu yfirborðsmerkingar. Bifreiðum er ekið samsíða inn í hringtorgið og þegar um stætisvagn er að ræða er ástæða fyrir viðkomandi að gæta aukinnar aðgæslu. Á því varð misbrestur að því er telja verður.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. október 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.